



Reykjavík, 14. apríl 2026  
USK26020359

## Hörpugata 4 – Fyrirspurn til skipulagsfulltrúa

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 14. apríl 2026 var lögð fram fyrirspurn Lárusar Kristins Ragnarssonar, dags. 23. febrúar 2026, um að breyta notkun á geymsluskúr á lóð nr. 4 við Hörpugötu í vinnustofu. Einnig eru lagðir fram samþykktir uppdættir af geymsluskúr, dags. 9. febrúar 2004.



Aðalskipulag Reykjavíkur 2040



Götumynd tekin á já.is

### Skipulag í gildi

Aðalskipulag: Í gildi er Aðalskipulag Reykjavíkur 2040, samþykkt í borgarstjórn Reykjavíkur þann 19. október 2021 og birt í B-deild stjórnartíðinda þann 18. janúar 2022. Skv. aðalskipulaginu tilheyrir lóðin og byggingin á Hörpugötu 4 borgarhluta 1. Vesturbær og er hluti af íbúðarsvæði ÍB6 – Litli Skerjafjörður.

Deiliskipulag/ Hverfisskipulag: Ekkert deiliskipulag er í gildi og skal grenndarkynna allar byggingarleyfisskyldar framkvæmdir. Þar sem ekki er í gildi deiliskipulag fyrir svæðið þarf að skoða erindið út frá byggðarmynstri, fagurfræðilegum áherslum og fordæmisgildi.

### Umsögn

Geymsluskúr á baklóð hússins á lóð nr. 4 við Hörpugötu er einnar hæðar hátt bárujárnsklætt timburhús byggt árið 1932 skv. fasteignaskrá.

Óskað er eftir afstöðu skipulagsfulltrúa á að geymsluskúr á baklóð hússins við Hörpugötu 4 verði breytt í vinnustofu. Fyrirspurn og fylgigögn fjalla einungis um breytt notkun en ekki um útlitsbreytingu á húsinu.

Fordæmi eru fyrir því að smærri hús á baklóðum einbýlishúsa í hverfinu séu nýtt sem vinnustofur. Það samræmist því byggðarmynstri hverfisins að breyta notkun geymsluskúrsins á baklóð íbúðarhússins við Hörpugötu 4 í vinnustofu en bent er á að þar sem að ekkert deiliskipulag er í gildi fyrir reitinn skal grenndarkynna allar byggingarleyfisskyldar framkvæmdir. Sömuleiðis bent á að samþykki meðeiganda og aðliggjandi lóðarhafa skal liggja fyrir byggingarleyfisumsókn um breytta notkun.



## Niðurstaða

- Ekki eru gerðar skipulagslegar athugasemdir við að umsækjandi sækji um byggingarleyfi fyrir breyttri notkun geymsluskúrs á baklóð hússins við Hörpugötu 4 í vinnustofu sbr. umsögn.
- Bent er á að umsögn Minjastofnunar Íslands og samþykki meðeiganda og aðliggjandi lóðarhafa skal liggja fyrir áður en sótt er um byggingarleyfi fyrir breyttri notkun.
- Ath. Bent er á að þar sem að ekkert deiliskipulag er í gildi fyrir reitinn skal grenndarkynna allar byggingarleyfisskyldar framkvæmdir.

### **f.h. skipulagsfulltrúa Reykjavíkur**

Jarprúður Iðja Másdóttir

verkefnastjóri



**Reykjavík**